

## 6. gr.

95

Nú fóðrar búandi sauðfé eða hross, sem aðrir eiga, og skal hann greiða 13. júlí afréttargjald af því samkvæmt 4. gr. svo sem væri það hans eign, en tilkall á hann til endurgjalds frá eiganda fóðrapeningsins.

## 7. gr.

Gjalddagi afréttargjalds, sem lagt er á eftir samþykkt þessari, er 31. okt. ár hvert.

## 8. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allan Hrunamannahrepp og Auðsholt í Biskupstungnahreppi.

Samþykkt þessi er hérmeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 13. júlí 1911.

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

## Reikningur

96

fyrir árið 1910 yfir tekjur og gjöld Hins sameiginlega brunabótasjóðs fyrir sveitahíbyli.

Tekjur:

1. Stofnfé úr landssjóði . . . . .	kr. 10000.00
2. Endurtryggingariðgjöld frá brunabótasjóðum sveitarfélaga . . . . .	— 3148.28
	<hr/>
	Flyt kr. 13148.28

<b>96</b>	3. Vextir:	Fluttar kr. 13148.28
	a. Af innritunarskírteinum . . . . .	kr. 429.49
	b. — sparisjóðsinnstæðu . . . . .	— 60.43
		<hr style="width: 100%;"/> 489.92
		Kr. 13638.20

## Eign sjóðsins við reikningslokin :

1. Á innritunarskírteini í Íslandsbanka . . . . .	kr. 5000.00
2. Á —»— i Landsbankanum . . . . .	— 5000.00
3. Í Íslandsbanka með sparisjóðskjörum . . . . .	— 3638.20
	<hr style="width: 100%;"/> Kr. 13638.20

Í stjórnarráði Íslands, 1. júní 1911.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

---

Jón Hermannsson.**Embætti og sýslanir m. m.**

8. júní setti ráðherrann lector theologiæ Jón Helgason, r. af Dbr., prófessor við guðfræðisdeild háskóla Íslands til 30. september þ. á.

S. d. setti ráðherrann cand. theol. Harald Níelsson prófessor við guðfræðisdeild háskólans til sama tíma.

S. d. setti ráðherrann dócent Eirík Briem, k. af Dbr. og Dbrm., dócent við guðfræðisdeild háskólans til sama tíma.

S. d. setti ráðherrann lagaskólastjóra Lárus H. Bjarnason, r. af Dbr., prófessor við lagadeild háskólans til sama tíma.

S. d. setti ráðherraun lagaskólakennara Einar Arnórsson prófessor við lagadeild háskólans til sama tíma.

S. d. setti ráðherrann aukakennara við lagaskólann Jón Kristjánsson prófessor við lagadeild háskólans til sama tíma.

S. d. setti ráðherrann landlækni Guðmund Björnsson, r. af Dbr. og Dbrm., prófessor við læknadeild háskólans til sama tíma.

S. d. setti ráðherrann dócent við læknaskólann Guðmund Magnússon, r. af Dbr., prófessor við læknadeild háskólans til sama tíma.